Stafróf ástarinnar

Texti: Loftur Guðmundsson

Lag: Buddy Kaye, Fred Wise og Sidney Lippman

Hún Gunna vildi ei neitt með Nonna hafa,
og Nonni var sá klaufi að Gunna hló.
Og því tók hann það ráð að reyna að stafa
á rósamáli það, sem innst í hugarfylgsnum bjó.

A merkir atlot þín
B merkir brosin þín,
D þú sért dásamlegt fljóð.
E elsku eldinn þinn,
F fagra faðminn þinn,
G þinna gullnu lokka flóð
H merkir hlátraþrá,
Í ljósa íturbrá,
J merkir jáyrðin hljóð.
K merkir kossabál,
L ljúfustu leyndarmál,
M merkir mey, sem er góð.
N, O, P, Q
Þú engin er sem þú.

R, S, T, Ú,
Engin skilur stafrófið sem þú.
V merkir von og heit,
X það sem enginn veit,
Y, Z, Þ, Æ og Ö
Það myndi létta lund,
ef læsum stund og stund
allt starfófið saman, við tvö.

Höfundaskráning: https://skifan.is/FrekariUppl.asp?fmID=TD17

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.